



Fundargerð nr. 33 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Þriðjudagur 29.04.2025
Fundartími: 8:15-09:45
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti
Pálmi Þormóðsson, verkefnastjóri verklegra framkvæmda

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn undir lið 1 og Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið 2 og 3.

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Verkefni hjá Berki Brynjarssyni ráðgjafa

a) Handbókin

Er í yfirlestri hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

b) Kortagrunnur

Kominn til map.is/Loftmynda og eru þeir að vinna í því að koma upplýsingum inn. Einhver texti og upplýsingar kominn inn en verið að koma inn réttum línum/lögnum út frá nýja grunninum.

Börkur þarf að flokka lagnirnar rétt (setja rétta þekju) þannig að rétt heiti séu á lögnum. Setja þarf inn nánari upplýsingar um lagnirnar og svo bæta ofaná þær upplýsingar. Allar nýjar lagnir verði mældar inn og viðgerðir verði settar inn til að safna upplýsingum.

Rætt um hvort hægt sé að setja inn upplýsingar um aldur lagna. Megnið af veitunni er svipað gamalt. Verktakar í vatnsveitu hafa upplýsingar um lagfæingar og aðrar upplýsingar.

Nota þarf mælitækið þannig að okkar starfsmaður fari og mæli þar sem bilanir koma upp osfrv. Verkefnastjóri á vegum Flóahrepps sé ábyrgur fyrir því að bilanir og nýlagnir skili sér inn í grunninn.

Rætt um hvenær við getum farið að nota kortagrunnin og hverjir munu hafa aðgang að þessu kerfi. Líklega munum við þurfa að teikna inn í í auto cad og senda svo áfram á Loftmyndir sem setja upplýsingarnar inn.

Nefndin leggur áherslu á að fundið sé gott verlag í þessu þannig að við séum ekki með of marga milliliði.

Grunnurinn sem er vistaður hjá Eflu í dag þarf að komast til okkar.

Pálmi og Börkur skoði málið áfram.

c) Hönnun á vatnslögn í Súlum, Vestur Meðalholtum

Börkur er búinn að teikna gróflega upp legu lagna og skurðsnið en þetta verður gert á svipaðan hátt og í Huldu- og Maríuhólum.



Í framtíðinni þegar ný lögn kemur með Gaulverjabæjarvegi þá þarf að gera ráð fyrir að tengja lögn frá Súluholti og við afleggjarann að Súlum að lögn við Gaulverjabæjarveg vil að fá hringtenginu.

Börkur búinn að gera grófa áætlun á verkið. Á eftir að fara betur í hlutfallaskiptinguna. Vantar upplýsingar frá Rarik.

Nefndin leggur til að rukkaður verði allur stofnkostnaður þ.e að landeigandi greiði raunkostnað við að leggja stofninn inn í hverfið í upphafi. Svo greiði hver og einn landeigandi fyrir sínar tengingar þ.e raunkostnað við tengingu frá stofni og að húsi. Frá lóðarmörkum og að húsi (tengigjald).

Nefndin leggur áherslu á að sveitarfélagið fari þessa leið varðandi vatn innan samskonar svæða þ.e. rukkí raunkostnað fyrir lagningu vatnsstofnsins innan svæðis í upphafi.

Rætt um möguleikann á því að hafa brunahana t.d við vegamót Gaulverjabæjarveg og Súluholtsveg. Það þarf 110mm lögn arf fyrir brunahana. Horfa á að lögnin í framtíðinni niður Gaulverjabæjarveg sé það sver að það sé hægt að koma niður brunahana á horninu við Súluholtsveginn.

d) **Vatnsveituframkvæmdir á árinu**

Börkur athugi með teikninguna á dæluhúsið við Uppsali og hvort búið sé að senda hana inn til byggingafulltrúa.

Fylgja þarf vel eftir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í vatnsveitunni á árinu enda framkvæmdatíminn takmarkaður.

Nýr verkefnastjóri mun fara í að fylgja eftir verkefnum vektaka í vatnsveitu.

2. Verkefniog framkvæmdir í sumar

a) **Þingborg breytingar**

Farið yfir teikningar sem eru komnar. Nokkrar breytingatillögur lagðar til. Horfa á að aðgengismál á skrifstofu fari inn um anddyri skrifstofu. Sér áfangi. Fara í breytingarnar á salnum í haust og horfa svo á aðgengi á skrifstofu árið eftir. Hugsanlega fara í breytingar á aðalanddyrinu líka á árinu 2026.

Sveitarstjóri talar við hönnuði og verkefnastjóri fylgir málinu áfram.

b) **Þjórsárver breytingar**

Áhyggjur af því að þetta séu of fá WC.

Nefndin leggur til að það verði sama skipulag og er í dag en að allt verði endurnýjað.

Salerni verði lokuð alveg niður og upp og áfram verði skálar á WC karla. Hafa eina skál lægri fyrir yngri nemendur. Skoða þarf hvort WC fyrir hreyfihamlaða standist kröfur. Ef þarf að stækka það rými þá verði farið í smá tilfærslur á veggjum. WC fyrir hreyfihamlaða verði skilgreint líka sem kynjalaust salerni.

Þurfum málsettar teikningar sem vinnuþlagg en framkvæmd er ekki byggingaleyfisskyld.

Skoða niðurföll í hvert rými, útsog og að koma gólfinu í sömu hæð.

Sveitarstjóri talar við hönnuði og verkefnastjóri og umsjónarmaður fasteigna fylgja málinu áfram.

c) **Áhaldahús í Heiðargerði**

Við þurfum að skila inn okkar athugasemdum sem fyrst til lóðarleiguhafa sem ætla að byggja hús með 8 bilum. Kalla þarf eftir skilalýsingu á húsinu og aðilar þurfa að koma



sér saman um skilalýsingu á húsinu þannig að aðilar séu sammála um hvernig húsinu verði skilað.

Brynjari Jóni falið að skila inn þarfagreiningu vegna áhaldahússins. Verkefnastjóri vinnur málið áfram.

d) Samþykkt viðhalds- og framkvæmdaáætlun 2025 – lögð fram til kynningar

3. Þingborgarsvæðið

a) Tilboð í hreinsistöðvar

Erum komin með tilboð frá tveimur aðilum. Hugmyndin er að skipta hverfinu í tvennt. Setja fyrst eina stöð og bæta svo við. Börkur telur lítinn mun á kostnaði við niðursetningu á þessum tveimur hreinsistöðvum og þær eru svipaðar varðandi skölun. Önnur stöðin er aðeins flóknari varðandi það að koma henni niður. Hafa komið upp tilfelli þar sem þær stöðvar hafa farið í sundur.

Nefndin ræddi um hvort gerðar séu kröfur um steypa plötu og hvar ábyrgðin liggur ef ekki er sett steyppt plata.

Rætt um að skoða hreinsistöð frá einum aðila í viðbót sem nágrannasveitarfélag er að kaupa af.

Börkur mun skoða verð frá þriðja aðilanum.

Nefndin óskar eftir skjali með samanburði á þremur mismunandi möguleikum á hreinsistöðvum.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 20. maí í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra